

# Reglugjörð

7.

8. jan.

**um ákvæði viðvíkjandi skipshöfn, farþegum, flutningi o. fl.  
með skipum, er fara frá Íslandi til annara landa.**

Samkvæmt bráðabirgðalögum 5. janúar 1918 um viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, eru sett eftirfarandi ákvæði.

Þegar stjórnarráði Íslands þykir þurfa, setur það reglur um, hvort og með hvaða skilyrðum megi taka flutning og farþega með skipum, sem fara hjeðan til annara landa, svo og um það, hvers skipshafnir á skipum þessum skuli gæta og enn fremur sjerstaklega um flutning á pósti, brjefum og tilkynningum. Reglur þessar tilkynnir stjórnarráðið hlutaðeigandi lögreglustjórum, svo og enn fremur útgerðarmönnum eða afgreiðslumönnum skipanna, og er þeim og skipstjóra skylt að hafa eftirlit með því að þessum reglum sje hlýtt.

Brot á móti reglum þeim, sem stjórnarráðið þannig setur, varða sektum alt að 10,000 krónum eða fangelsi, og fer með mál út af brotum þessum sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

**I stjórnarráði Íslands, 8. janúar 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

\_\_\_\_\_  
Jón Hermannsson.

# Reglugjörð

8.

23. jan.

**um sölu og úthlutun kornvöru, sykurs o. fl.**

Samkvæmt lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, eru hjer með sett eftirfarandi ákvæði:

## 8

23. jan.

## 1. gr.

Frá 1. mars 1918 er bannað að selja rúg, rúgmjöl, hveiti, mais, maismjöl, bankabygg, hrísgrjón, baunir, haframjöl, hafragrjón og sykur nema gegn seðlum, sem út verða gefnir að tilhlutun landsverslunarinnar.

## 2. gr.

Landsverslunin sendir öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnnum kornvöru og sykurseðla eftir mannfjölda í hlutaðeigandi sveitum og bæjum, og skulu þær úthluta seðlunum til allra heimila þannig, að hverjum heimilismanni sje ætlaður sinn seðill. Seðlaúthlutunin fer fram í fyrsta sinn 28. febr. n. k., annað hvort með hraðboða eða með því að kveðja saman móttakendur, eða heimilisfeður í þeirra stað, og fer það eftir álitu hlutaðeigandi hreppsnefnda og bæjarstjórna hvað hentugast þykir. Kostnaðinn við útgáfu og útsendingu seðlanna til hreppsnefnda og bæjarstjórna ber landssjóður, en hreppa- og bæjarfjelög kostnaðinn við úthlutunina.

## 3 gr.

Um leið og úthlutað er seðlum í fyrsta sinn skulu viðtakendur undirrita drengskaparvottorð um, hve mikinn forða þeir eigi af kornvöru og sykri, á eyðublöð, er send verða hreppsnefndum og bæjarstjórnnum. Skal forðinn dreginn frá við seðlaúthlutunina með því að klippa af seðlunum það, sem forðanum nemur.

## 4. gr

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu tafarlaust síma landsverslun heildarskýrslu um vörubirgðir samkvæmt vottorðunum og hve mörgum kílógr. seðlaafgangur og afklippingar nemi, en geyma frumskýrslur með áritun vottorðanna til athugunar við næstu seðlaúthlutun. Afgang seðlanna og afklippinga skal senda landsverslun með fyrstu ferð. Þó geta hreppsnefndir og bæjarstjórnar með leyfi landsverslunar haldið eftir í vörslum sínum nokkrum hluta af afgangi seðlanna til aukaúthlutunar ef nauðsyn krefur, t. d. á fjölförnum póstleiðum og til gisti-húsa í kaupstöðum og kauptúnum, svo og til brauðgerðahúsa sbr. 9. gr.

## 5. gr.

Hinn 26. febr. n. k. skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir láta alla þá, sem hafa í vörslum sínum kornvöru og sykur, sem verslað er með, undirrita drengskaparvottorð um birgðir þessar á eyðublöð á sama hátt og móttakendur seðlanna. Heildarskýrsla um birgðirnar í hverjum hreppi eða bæ sendist landsverslun tafarlaust simleiðis, en frumskýrslurnar með fyrstu ferð.

## 6. gr.

Almenn seðlaúthlutun fer fram á fjöggra mánaða fresti og verða seðlar að eins látnir af hendi, eftir að fyrsta úthlutunin hefir farið fram, til þeirra sem

skila stofnum af eldri seðlum, með áritun nafns og heimilisfangs. Undantekning 8 frá úthlutunarreglunni er önnur almenn seðlaúthlutun, er fari fram 29. og 30. 23. jan. júní þ. á. og gildi að eins til tveggja mánaða, en veiti rjett til fjöggra mánaða forða ef hann er fyrir hendi.

#### 7. gr.

Seðlarnir skulu vera tvennskonar, sykursæðlar og kornvöruseðlar. Hver kornvöruseðill gildir fyrir einn mann í fjóra mánuði og er ávísun á 40 kílógr. kornvöru. Seðillinn skiftist í stofn og 16 reiti, sem gilda  $2\frac{1}{2}$  kílógr. hver. Má klippa þá hvern frá öðrum en varast skal að skerða reitina sjálfa eða stofninn.

#### 8. gr.

Hver sykursæðill gildir fyrir einn mann í fjóra mánuði. Skiftist hann í stofn og 16 reiti, er gilda  $\frac{1}{2}$  kílógr. hver, og má klippa þá sundur á sama hátt og kornvöruseðlana. Við úthlutunina fá þurrabúðarmenn seðlana óskerta, en af seðlum þeirra, er grasnyt hafa og aðallega stunda landbúnað, skulu bæjarstjórnir og hreppsnefndir láta klippa þá fjóra reiti, sem lengst eru frá stofninum, og varðveitast þeir með seðla-afgangi þeim, sem hreppsnefndir og bæjarstjórnir eiga að standa landsversluninni skil á.

#### 9. gr.

Brauðgerðarhús mega eigi selja brauð nema gegn brauðseðlum, er skulu útgefnir af bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum og fást gegn afhendingu kornvöruseðla. Við seðlaskiftin fái móttakandi brauðseðils 10% meira kornvöruigildi í brauðseðlinum en hann lætur af hendi í kornvöruseðlinum. Brauðgerðarhús, er þarfnast brauðefnis, afhendi brauðseðlana bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum gegn jafngildi þeirra í kornvöruseðlum, sem almenningur hefir áður af hendi látið gegn brauðseðlunum. Sá 10% halli, er á þenna hátt verður við skifti seðlanna hjá bæjarstjórnnum og hreppsnefndum, bætist þeim upp af seðlaafgangi landsverslunar í vörslum þeirra, sbr. 4. gr., en skilagrein yfir þá aukaúthlutun skal senda landsverslun. Brauðgerðarhúsin sendi síðan kornvöruseðlana með pöntunum sínum til seljenda brauðefnisins. Með leyfi landsverslunar geta brauðgerðarhús fengið aukreitit hjá bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum kornvöru- og sykursæðla til notkunar við innkaup á efni til kökugerðar.

#### 10. gr.

I hverri sýslu og kaupstað skal vera bjargráðanefnd og skipa hana sýslumaður, bæjarfógeti eða borgarstjóri ásamt tveim mönnum, er hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjóra kys.

Nu eru ekki nægar kornvöru- eða sykurbirgðir fyrir hendi í landinu eða einhverjum hluta þess til þess að selja gegn þeim seðlum, sem þegar hefir verið úthlutað, og skulu þá bjargráðanefndir í samráði við landsverslun gera áætlun

8 um hve birgðirnar endist lengi og skipa fyrir um hve miklum hluta seljendur  
23. jan. varanna megi veita móttöku af úthlutuðum seðlum, þar til nýr forði bætist við í landið eða landshluta þann, sem um er að ræða. Ef bjargráðanefndum þykir ástæða til, skulu þær og setja ákvæði um skamt einnar eða fleiri kornvörutegunda vegna skorts á þeim að tiltölu við aðrar tegundir og skulu þá seljendur rita aftan á stofn seðilsins hve mikið af þeirri vörutegund, sem þannig er skömtuð, sje seld í hvert sinn, svo og nafn verslunarinnar, þannig að sjeð verði á seðlinum hve mikið eigandi hans hafi þegar fengið keypt af vörunni.

Þóknun fyrir störf bjargráðanefnda greiðist úr hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóði.

#### 11. gr.

\*Sje kornvara keypt þannig að ekki standi á  $2\frac{1}{2}$  kilogr. getur seljandi gefið kaupanda viðurkenningu fyrir að hann eigi óafhent það sem vantar á að hann hafi fengið fult kornvöruígildi seðilreitsins ( $2\frac{1}{2}$  kilogr.).

#### 12. gr.

Kaupmenn og fjelög, er panta kornvörur og sykur hjá heildsölum innanlands eða landsverslun, skulu senda með pöntunum sínum kornvöru- og sykurseðla, er svara til vörumagns pöntunarinnar. Sje það óframkvæmanlegt vegna þess að pöntun sendist simleiðis eða af því að seðlar eru eigi innlestir, skulu þeir sendir svo fljótt sem unt er. Fyrir seðlasendingar þessar greiða sendendur ekki burðargjald. Engar pantanir má afgreiða án samþykkis landsverslunar og skal þess ávalt getið, hvort seðlar hafi fylgt pöntun eða ekki þegar samþykkis er leitað.

#### 13. gr.

Innflytjendur kornvöru og sykurs skulu, jafnskjótt og þeir fá þær vörur frá útlöndum, tilkynna landsverslun hve mikið þeir hafi fengið af hverri vörutegund. Mega þeir eigi selja vörurnar nema gegn seðlum, sbr. þó 12. gr. Seðlana skulu þeir senda landsverslun jafnótt og þeir fá þá í hendur.

#### 14. gr.

Nú telur landsverslun nauðsyn bera til að flytja kornvöru eða sykur frá einum landshluta í annan, og skulu þá vörueigendur skyldir að hlíta fyrirskipunum þeim, er landsverslun kann að gera um ráðstöfun varanna.

#### 15. gr.

Fyrir rýrnun kornvöru og sykurs við flutning og sölu, eða ef vörurnar verða fyrir skemdu, fá hlutaðeigandi kaupsýslumenn hæfilega seðlafúlgu hjá bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum eftir ákvörðun og fyrirmælum landsverslunar.

## 16. gr.

Bjargráðanefndir skulu hafa á hendi eftirlit með því að steinolíu, sem berst til umdæma nefndanna, verði skift niður eftir þörfum í umdæminu, og ber kaupmönnum og öðrum, sem hafa keypt steinolíu af innflytjendum, að hlýða fyrirmælum nefndanna um úthlutun og sölu oliunnar. Hinsvegar verða innflytjendur að hlíta ákvörðun landsverslunarinnar um skifting á innfluttri steinolíu milli umdæmanna.

8  
23. jan.

## 17. gr.

Smjörliki má ekki selja nema eftir ráðstöfun hlutaðeigandi bjargráðanefndar, sem setur reglur um sölu.

## 18. gr.

Landsverslunin annast allar frekari framkvæmdir reglugjörðar þessarar.

## 19. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugjörðar þessarar varða sektum alt að 10 þúsund krónum og fer um þau mál sem önnur lögreglumál.

## 20. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og er með henni numin úr gildi reglugjörð 11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörliki, reglugjörðir 18., 21. og 26. apríl 1917 um viðauka við reglugjörð 11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörliki, reglugjörð 16. maí 1917 um breyting á reglugjörð 26. apríl 1917, reglugjörð 7. ágúst 1917 um úthlutun og sölu steinolíu, reglugjörð 5. september 1917 um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðssykri, reglugjörð 30. nóvember 1917 um frestun á framkvæmd ákvæða um sykurseðla og reglugjörð 14. desember 1917 um afnám ákvæða um höft á bakstri bakara.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 23. janúar 1918.**

**Sigurður Jónsson.**

Jón Hermannsson.